

Nd.

### **58. Frumvarp**

til laga um afnám fóðurskyldu svo nefndra Mariu- og Péturslamba.

Flutningsmenn: Þingmenn Norðmýlinga.

Fóðurskylda svo nefndra Mariu- og Péturslamba skal afnumin frá fardögum 1911 að telja, í þeim sóknum á landinu, þar sem hún hefir átt sér stað.

Frá sama tíma greiðist hlutaðeigandi prestaköllum uppbót úr prestlaunaskjóði til presta þeirra, sem nú eru og tekna þessara njóta, er sé jöfn meðaltali þeirra eftir verðlagsskrám þeim, er gilt hafa í þeim síðustu 5 árin.